

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 10/1992, um persónuafslátt og sjómannaafslátt.

1. gr.

2. málsl. 2. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Í stað orðanna „reglugerðar nr. 183/1990, um skilagreinar“ í 3. mgr. 5. gr. kemur: reglugerðar nr. 753/1997, um mánaðarleg skil á staðgreiðslu og tryggingargjaldi.

3. gr.

8. gr. orðast svo:

Heimilt er að millifæra ónýttan persónuafslátt til maka þegar um hjón eða samskattað sambúðarfólk er að ræða eins og hér segir:

- a. Á staðgreiðsluárinu 2001 er heimilt að millifæra 90% ónýttts persónuafsláttar.
- b. Á staðgreiðsluárinu 2002 er heimilt að millifæra 95% ónýttts persónuafsláttar.
- c. Frá og með staðgreiðsluárinu 2003 er heimilt að millifæra ónýttan persónuafslátt að fullu.

Skilyrði þess að persónuafsláttur í staðgreiðslu sé millifærður skv. 1. málsgrein er að launagreiðandi hafi einnig skattkort makans í fórum sínum.

4. gr.

Í stað tilvísunarinnar „19. gr. laga nr. 49/1987“ í 10. gr. reglugerðarinnar kemur: með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum og 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekju-skatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 19. júní 2001.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ragnheiður Snorradóttir.*